

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 13.3.2023
UST202202-329/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 17. nóvember 2022 þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps þann 24. ágúst 2022. Þann 9. mars 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi. Niðurrif bíla er starfsleyfisskyt hjá heilbrigðiseftirliti sbr. tl. 74 í viðauka IV. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið sótt um starfsleyfið til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.**

Tvö eldri frávik voru útistandandi þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi, einn olíugeymir er enn á svæðinu og talsvert meira rúmmál af brotamálmi er geymt á svæðinu en það sem rúmast í einum gámi. Samkvæmt eldri úrbótaáætlun rekstraraðila eru á urðunarstaðnum tómir olíutankar frá N1 sem hafa ekki enn verið fjarlægðir þrátt fyrir ítrekanir um að það sé gert. Síðustu upplýsingar sem lágu fyrir var að stefnt væri á að fjarlægja þá. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa olíutankanir nú verið fjarlægðir og unnið er að því að fjarlægja brotamálm.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi, vatn safnast í úrganginn þar sem hann að vissu marki er urðaður neðan grunnvatnsyfirborðs. Samkvæmt eldri úrbótaáætlun rekstraraðila hafa skurðir verið grafnir og hreinsaðir en staðan á grunnvatni sé mjög breytileg eftir tíðarfari. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun frá rekstraraðila verður sótt um hjá Vegagerðinni að fá að grafa veginn í sundur til að dýpka ræsið og breyta vegöxlunum. Áætluð verklok eru lok sumars 2024.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur